



NÚVERANDI ÁSKORANIR

Nari sneri aftur til vinnu eftir fæðingarorlof og fyrstu vikuna þjáðist hún af þreytu og verkjum í svo miklum mæli að hún varð að taka veikindaleyfi. Þrúfur á lungnastarfsemi hennar sýndu skemmdir á lungum hennar og hún á í erfiðleikum með að anda, sem hefur áhrif á getu hennar til að sinna verkefnum. Hún var vön að hjóla í vinnuna. Hún er enn í veikindaleyfi en hefur óskað eftir sveigjanleika til að vinna heima. Í augnablikinu veit hún ekki hvort eða hvenær hún kemur aftur.

Hún þreytist auðveldlega og hefur stuðning til að sjá um barnið. Barnið, sem nú er smábarn, er krefjandi og Nari nær ekki að halda í við það.

NARI

TEYMISSTJÓRI Á MANNAUÐSDEILD

ALDUR 32

KYN Kona

ÞJÓÐERNI Hollensk, ættuð frá Kóreu.

FJÖLSKYLDUAÐSTÆÐUR Gift hollenskum manni og býr í Amsterdam. Eignuðust sitt fyrsta barn í miðjum Covid faraldri. Þar sem hún var hrædd við áhrif bólusetningarinnar neitaði hún að láta bólusetja sig. Því miður fékk hún Covid 19. Barnið fæddist snemma og líður vel. Nari var flutt á gjörgæslu fyrir fæðingu með öndunarerfiðleika. Hún hefur nú náð sér að einhverju leyti en hefur nýlega verið greind með langtímaafleiðingar Covid.

STARF/FERILL Teymisstjóri í mannauðsdeild fjölþjóðlegs fyrirtækis.

PERSÓNULEGAR SKOÐANIR UM JAFNRÉTTI KYNJANNA Nokkuð góð þekking á vinnurétti og réttindum starfsfólks, m.a. kynjajafnrétti. Hún er að fá meiri áhuga á andlegum og líkamlegum heilsufarsmálum kvenna.

VIÐHORF OG TILFINNINGAR

- Nari, sem er mjög árangursdrifin og fullkomunarsinni, á í erfiðleikum með að átta sig á þeim aðstæðum sem hún er í; hún hefur misst mikið sjálfstraust, bæði sem móðir og í starfi. Henni finnst að draumar hennar um framgang í starfi og um að eignast annað barn séu komnir í biðstöðu. Hún hefur verið upplýst um að hún kunni að jafna sig að fullu en í augnablikinu gengur það hægt. Henni finnst maðurinn hennar ekki alveg skilja hversu þreytt hún verður og hafi enn miklar væntingar til hennar sem hún getur ekki uppfyllt. Hún var vön að elda allt frá grunni en nú lifa þau að mestu á tilbúnum réttum.

HVATNING

- Nari var mjög metnaðarfull í starfi og er enn, en hún hefur þurft að endurskoða forgangsröðun sína. Þau eru með fjárhagslegar skuldbindingar, reikninga sem þarf að borga og veð í húsinu. Vinur hennar í mannauðsdeild hjá öðru fyrirtæki gaf í skyn að hún gæti talist vera með fötlun og gæti farið fram á bætur. Nari er treg til að fara þá leið þar sem henni finnst eins og þá sé hún að gefa framtíðardrauma sína í starfi upp á bátinn.

VINNUAÐSTÆÐUR

- Nari er nú að reyna að koma í áföngum aftur til vinnu á morgnana og vinna að heiman. Hún er ekki að njóta þess og finnst hún vera að missa öll tengsl við samstarfsfólk sitt. Hún hefur ekki verið frá lengi, en á meðan hafa ferlar breyst og nýtt starfsfólk komið inn. Flutningurinn til að vinna allt á netinu var erfiður; hún hefur misst af netfundum og hefur gleymt hvernig á að nota allan þann mismunandi hugbúnað sem er á fartölvunni. Samstarfsmenn hafa verið mjög finir en þetta er vinnuumhverfi þar sem er mikil pressa og enginn myndi bjóðast til að hjálpa henni með verkefni. Hún ætti að vera að stjórna teyminu en hefur enga orku í það. Hún er bara að reyna að lifa af og er að brenna út.
- Einhverjir eru að baktala hana og kenna henni um að hafa ekki farið í bólusetningu. Það er einhver úlfúð, fólk hefur á tilfinningunni að hún fái afslátt á vinnu meðan aðrir þurfa að taka á sig meiri vinnu án þess að fá neitt aukalega fyrir það.

Spurningar stjórnanda

- Hvaða stuðning get ég boðið Nari?
- Hvernig get ég komið í veg fyrir að þetta hafi áhrif á aðra í teyminu?
- Mun teymið styðja hana á meðan hún jafnar sig?
- Hver er réttarstaða hennar?
- Hverju á hún rétt á?
- Ef hún þarf að hætta vegna heilsubrestra, hvaða möguleikar eru þá í stöðunni fyrir svona unga manneskju?
- Hvernig get ég komið í veg fyrir að umræða um „ósamngjarna meðferð“ haldi áfram í teyminu?
- Þegar öllu er á botninn hvolft þarf að sinna verkefnum, get ég ráðið einhvern í staðinn?

Spurningar samstarfsfólks

- Nari er í vinnunni en hún er ekki andlega til staðar. Hvaða fyrirkomulag er til staðar til að stýra teyminu og styðja okkur á meðan Nari er veik?
- Geta þeir sagt henni upp?
- Það eru sögusagnir um að þeir muni breyta fyrirkomulagi sjúkradagpeninga til að draga úr kostnaði: er það lagalega heimilt?
- Er hún veik eða er þetta bara vegna þess að hún hefur engan til að hugsa um barnið?



Spurningar einstaklingsins

- Hvar stend ég? Mun ég jafna mig? Er ég öryrki fyrir lífstíð?
- Hvaða áhrif mun þetta hafa á fjölskyldu mína og hjónaband mitt?
- Er starfsferli mínum lokið?
- Hvenær mun ég vita hvort mér batnar að fullu?
- Hvernig mun það breyta stöðu minni ef ég fæ örorkumat?
- Gæti ég fengið bætur ef ég get ekki unnið, jafnvel þó ég ná aftur fullri heilsu einhvern tímann - hvaða sveigjanleiki er til staðar fyrir langtíma heilsufarsvanda?
- Hvað ef ég ræð ekki við að snúa til baka í áföngum - hvað þá?

Spurningar stefnumótenda

- Er hægt að gera einhverjar breytingar til að mæta þörfum Nari?
- Hvaða þjálfun þurfa stjórnendur til að takast á við langvarandi Covid mál hjá starfsfólki?
- Að hve miklu leyti þarf að endurskoða stefnu um veikindi til að laga hana að langtíma Covid? Hvaða stefnur þarf að endurskoða til að taka á þessari þróun?
- Hver er núverandi stefna um að vinna að heiman og þarfnast hún endurskoðunar?